

1854.
22. septbr.

16. Brjef dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austurumdæminu, um grepþrun manns er hefur farið sjer sjálfum.

Maður nokkur hafði veitt sjer sjálfum bana, en hafði eptir sýslumanns-úrskurði verið jarðaður á vanalegan hátt eptir beiðni náunga sinna, og hafði amtmaðurinn borið mál þetta undir stjórnina, og ekki viljað ónýta úrskurð sýslumannsins.

Stjórnin svarar: að hún geti ekki skorið skýrt úr þessu máli, þar eð það vanti fullkomin skýrteini bæði um það, hvernig á stóð, er maðurinn rjeð sjer sjálfum bana, og að hve miklu leyti hinum dána var veitt kristileg grepþrun. Til þess að leiðbeina valdsmönnum í úrskurðum um þess konar mál, sendir hún eptirit af kanselíbrjefi 3. águst 1833. Þar skýrir nákvæmlega frá því, hvers gæta skal, þegar slíkt vill til. Stjórnin segir enn fremur, að rjettast sje að viðhalda því áliti, sem er byggt á trúnni, hve syndsamlegt það sje að stytta sjer aldur, en að gjöra þó ekki þeim, sem eptir lifa, skapraun að óþörfu, hún álltur að hafa eigi hliðsjón af hugsunarhætti þeim, sem ríkir í ýmsum hlutum ríkisins, þegar beita skal almennum grundvallarreglum, er þess konar mál skulu dæmast eptir; og þar eð hún álltur að á Íslandi hafi haldizt meiri alvöruhefni, í dómum manna um að týna sjer sjálfum, heldur en annarstaðar í ríkinu, eigi valdsstjórnin að gæta þess, að hún ekki gleymi þessum alvarlega skoðunarhætti landsmanna, þegar um slíkt er að dæma, og einkum, að hún slaki ekki meira til, en til er tekið í áður nefndu kanselíbrjefi að mest megi gjöra, nema miklar ástæður sjeu, sem mæli með því.

28. septbr. **17. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um bæjarstjórnina í Reykjavík.**

Einn af bæjarfulltrúunum í Reykjavík hafði borið það undir úrskurð stjórnarráðsins:

1. hvort að bæjarfóetinn, eptir bæjarstjórnar-reglugjörðinni 27. nóvemb. 1846, hefði rjett til að kalla alla bæjarfulltrúa saman